



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 51. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 6. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 5. JÚNÍ 2014

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2014, þann 5. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Rannsóknir í Skipholtskróki. Beiðni um áframhaldandi rannsóknir.
2. Minnisblað: Tilboð í byggingu íþróttahúss.
3. Fjárlaganefnd Alþingis: umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um opinber fjármál.
4. Landgræðslufélag Hrunamanna: Upplýsingarskilti.
5. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða: Kerlingarfjöll.
6. Flúðabíó: Evrópsk kvikmyndahátíð.
7. Næsti fundur sveitarstjórnar.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

8. Skólanefnd: Fundargerð 26. fundar vegna Undralands frá 26. maí s.l.
9. Ferða- og menningarnefnd. Fundargerð 22. fundar frá 15. maí s.l.

#### **Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.:**

10. Fundargerð 72. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 22. maí s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 30. apríl s.l.  
Mál nr. 4: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.  
Mál nr. 12: Bakkatúnsvegur.  
Mál nr. 13: Jaðar. Deiliskipulag
11. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs.. Fundargerð aðalfundar frá 7. maí s.l. Ársskýrsla og ársreikningur 2013.
12. Oddvitafundur Uppsveitanna og Flóahrepps. Fundargerð frá 22. maí s.l.
13. Skólalþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 3. fundar frá 4. apríl s.l.
14. Skólalþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 4. fundar frá 14. maí s.l.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. SASS: Fundargerð 479. fundar stjórnar frá 13. maí s.l.
- b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 156. fundar stjórnar frá 29. apríl s.l.

#### **Kynningarmál:**

- c. Vegagerðin: Úthlutun úr styrkvegasjóði.
- d. Hitaveita Grafarhverfis: Aðalfundur.
- e. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 816. fundar stjórnar frá 16. maí s.l.
- f. Innanríkisráðuneytið: Samþykktir Hrunamannahrepps.

#### **Fundir framundan**

- g. Aukaaðalfundur SASS. Selfoss 2. júlí n.k.

#### **Skýrslur á skrifstofu:**

- h. Byggðasafn Árneshvíls: Ársskýrsla 2013.
- i. Hitaveita Grafarhverfis: Ársreikningur 2013.
- j. Reiðhöllin Flúðum: Ársreikningur 2012.
- k. Reiðhöllin Flúðum: Ársreikningur 2013.
- l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ársskýrsla 2013.
- m. Byggðastofnun: Ársskýrsla 2013.

## Gengið til dagskrár:

### Erindi til sveitarstjórnar:

- Rannsóknir í Skipholtskróki. Beiðni um áframhaldandi rannsóknir.**

Oddviti kynnti bréf frá Þórnari Þórnarinssyni þar sem óskað er eftir áframhaldandi leyfi til rannsókna í Skipholtskróki í júlí í sumar. Sveitarstjórn samþykkir erindið.
- Minnisblað: Tilboð í byggingu íþróttahúss.**

Oddviti kynnti minnisblað frá Tæknisviði Uppsveita um niðurstöðu útboða vegna byggingar íþróttahússins. Tvö tilboð bárust í þau tvö verk sem boðin voru út. Í uppsteypu og lagnir bárust tilboð frá Pálmatré ehf að fjárhæð kr. 28.471.840 og Jáverk ehf að fjárhæð kr. 28.886.645. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 27.366.000. Í reisingu hússins bárust til boð frá Pálmatré ehf að fjárhæð kr. 49.761.050 og frá Jáverk ehf að fjárhæð kr. 32.649.584. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 28.627.400. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðendur í verkin.
- Fjárlaganefnd Alþingis: umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um opinber fjármál.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Fjárlaganefnd Alþingis um frumvarp til laga um opinber fjármál.
- Landgræðslufélag Hrunamanna: Upplýsingarskilti.**

Oddviti kynnti erindi frá Landgræðslufélagi Hrunamanna þar sem sótt er um leyfi til að setja upp skilti á Hrunamannaafretti og stuðning við verkefnið. Sveitarstjórn fagnar framtakinu og heimilar uppsetningu þeirra. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að styrkja verkefnið en farið verður betur yfir kostnaðarhlutdeildina þegar heildarkostnaður liggur betur fyrir. Esther víkur sæti við afgreiðslu málsins.
- Framkvæmdasjóður ferðamannastaða: Kerlingarfjöll.**

Oddviti kynnti að Hrunamannahreppur hefði fengið útlutaðar kr. 9.000.000 úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna endurbóta á aðstöðu við ferðamenn í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn þakkar fyrir styrkinn og felur sveitarstjóra að útfæra framkvæmdina í samráði við Kerlingarfjallavini og Fannborgarmenn.
- Flúðabíó: Evrópsk kvikmyndahátíð.**

Oddviti kynnti að þann 10. júní n.k. verða sýndar 3 myndir í Flúðabíó í Félagsheimilinu á vegnum Bíó Paradísar vegna evrópskar kvikmyndahátíðar sem fer hringinn í kringum landið. Þess má geta að aðgangur er ókeypis á sýningarnar.
- Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Oddviti kynnti að fyrsti fundur nýrrar sveitarstjórnar yrði haldinn fimmtudaginn 19. júní nk. Kl. 14:00.

### Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

- Skólanefnd: Fundargerð 26. fundar vegna Undralands frá 26. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 26. fundar nefndarinnar vegna leikskóla. Þar var farið yfir skýrslu leikskólastjóra, skóladagatal fyrir næsta starfsár kynnt, farið yfir starfsmannamál og markmið skóla og skólþjónustu og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
- Ferða- og menningarnefnd. Fundargerð 22. fundar frá 15. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 22. fundar nefndarinnar. Fjallað var um viðburði komandi sumars, lagðar fram hugmyndir að gönguferðum sumarsins, kynntar styrkveitingar frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

### Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.:

- Fundargerð 72. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 22. maí s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 30. apríl til 21. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 72. fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 22. maí s.l. ásamt afgreiðslum byggingafulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:  
**Mál nr. 4: Afgreiðslur byggingafulltrúa.**  
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 30.apríl til 21. maí.

**Mál nr. 12: Bakkatúnsvegur.**

Lögð voru fram drög að breytingu á deiliskipulagi í landi Grafarbakka í tengslum við breytingu á Bakkatúnsvegi. Sveitarstjórn vísar málinu til nýrrar sveitarstjórnar.

**Mál nr. 13: Jaðar. Deiliskipulag.**

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar vegna draga að greinargerð fyrir eina frístundalóð í landi Jaðars I og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að kynna lýsingu skipulagsins skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

11. **Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs. Fundargerð aðalfundar frá 7. maí s.l. Ársskýrsla og ársreikningur 2013.**  
Oddviti lagði fram fundargerð aðalfundar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. ásamt ársskýrslu og ársreikning fyrir árið 2013. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
12. **Oddvitafundur Uppsveitanna og Flóahrepps. Fundargerð frá 22. maí s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð oddvita Uppsveita og Flóahrepps frá 22. maí s.l. Farið var yfir reikninga Laugaráshéraðs, umræður voru um hjúkrunar- og dvalarrými á Suðurlandi og trúnaðarmál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
13. **Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 3. fundar frá 4. apríl s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar voru einungis trúnaðarmál á dagskrá. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
14. **Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 4. fundar frá 14. maí s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál, kynnt markmið skóla og skólaþjónustu í Árnesþings, farið yfir stöðu mála hjá skólaþjónustunni, lagðar fram tölulegar upplýsingar um velferðarþjónustuna fyrir árið 2013, samþykki Velferðarráðuneytisins um aukningu á dagvistarrýmum í Þorlákshöfn og skýrsla um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar geðraskanir lögð fram fram til kynningar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. **SASS: Fundargerð 479. fundar stjórnar frá 13. maí s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- b. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 156. fundar stjórnar frá 29. apríl s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- c. **Vegagerðin: Úthlutun úr styrkvegaskjóði.**  
Lagt fram til kynningar.
- d. **Hitaveita Grafarhverfis: Aðalfundur.**  
Lagt fram til kynningar.
- e. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 816. fundar stjórnar frá 16. maí s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- f. **Innanríkisráðuneytið: Samþykktir Hrunamannahrepps.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- g. **Aukaaðalfundur SASS. Selfoss 2. júlí n.k.**  
Lagt fram til kynningar.

**Skýrslur á skrifstofu:**

- h. **Byggðasafn Árnesinga: Ársskýrsla 2013.**  
Lagt fram til kynningar.
- i. **Hitaveita Grafarhverfis: Ársreikningur 2013.**  
Lagt fram til kynningar.
- j. **Reiðhöllin Flúðum: Ársreikningur 2012.**  
Lagt fram til kynningar.
- k. **Reiðhöllin Flúðum: Ársreikningur 2013.**  
Lagt fram til kynningar.

**l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ársskýrsla 2013.**

Lagt fram til kynningar.

**m. Byggðastofnun: Ársskýrsla 2013.**

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.15.**